

## Stjórnarfundur ÍTF 8. mars 2024

Mættir fulltrúar: Orri, Guðbjörg, Heimir.  
Baldur og Samúel á Teams.  
Jón Rúnar og Styrmir fjarverandi.

Ritari: Birgir framkvæmdastjóri ÍTF.

Fundur settur kl 12:00

### Fyrir var tekið:

#### 1. Aðalfundur ÍTF

- Stjórn ÍTF vill nýta tækifærið og þakka Deloitte fyrir afnotin af salnum sem er glæsilegur. Einnig þökkum við Stefáni Geir fyrir fundarstjórn á fundinum. Umræðurnar voru mjög góðar, ársreikningurinn og fjárhagsáætlun fengu góða umræðu sem og önnur málefni sem félögin báru upp. Fundargerð hefur verið send aðildarfélögum til samþykktar og bærust engar athugasemdir.
- Samþykkt að birta ársreikning ÍTF opinberlega og verður það gert um leið og ný heimasíða ÍTF kemur í loftið í þessum mánuði.
- Jónasi Kristinssyni var þakkað fyrir hans störf fyrir ÍTF en hann hefur setið samfleitt í stjórn samtakanna frá stofnun þess eða árið 2011, sem fulltrúi KR.

#### 2. Ársþing KSÍ

- Farið var yfir ársþing KSÍ sem fram fór þann 24. febrúar. Ljóst er að breyta þarf hlutverki ÍTF á ársþinginu þegar kemur að tillögum aðildarfélaga. Nýja nálgun þarf í framsetninguna á tillögum ÍTF og aðildarfélaga. Ánægja var með vinnufundina í aðdraganda þingsins en á komandi þingi þurfa félögin sjálf að leggja fram tillögurnar.
- Stjórn óskar þorvaldi kærlega til hamingju með kjörið sem og nýju stjórnarfólki KSÍ.
- Birgir afhenti Klöru blómvönd og gjöf frá aðildarfélögum fyrir hennar störf hjá KSÍ fyrir íslenska knattspyrnu.

#### 3. Verkefni nýrrar stjórnar

- Skipa þarf í nefndir á vegum KSÍ
  - Leyfiskerfi KSÍ – Þórir Hákonarson (ÍTF) og Hörður Guðjónsson (Fylkir)
  - Lánareglur í mfl kk og kvk – Birgir falið að kanna áhuga aðildarfélaga á að vera í starfshópnum. 2 fulltrúar ÍTF og 1 fulltrúi félags í 2.deild.
  - Starfshópur um dómstóla – Páll Kristjánsson KR og fulltrúi Víkinga (Víkingsur).
  - Tímasetning ársþings – Fulltrúi Breiðabliks og Guðjón Bjarni (Selfoss)



ÍTF

Íslenskur Toppfótbolti  
Fornubúðir 5  
220 Hafnarfjörður  
[toppfotbolti@toppfotbolti.is](mailto:toppfotbolti@toppfotbolti.is)

- v. Mótanefnd: Baldur Már Bragason fulltrúi ÍTF. Rætt var um mikilvægi þess að Baldur og Birgir ræði meira saman í aðdraganda funda nefndarinnar. Birgir er í miklum beinum samskiptum við mótastjóra KSÍ vegna Bestu deildar og mikilvægt að allir aðilar séu reglulega að stilla saman strengi.

#### 4. Stefnumótun og samningur á milli aðildarfélaga

- a. Stefnumótun er á lokametrinum en búið er að halda fundi með öllum félögum í Bestu og Lengjudeild. Næstu skref er að klára að setja saman kynningu fyrir stjórn ÍTF og taka dýpri umræðu innan stjórnar.
- b. Þórir Hákonarson er að klára samninga við aðildarfélög í Bestu deild en meirihluti félaga í Bestu deild karla hefur nú þegar skilað inn undirrituðum samningi.

#### 5. Önnur mál

- a. Besta deildin
  - i. Kynningarfundur BD kk þann 2. apríl og BD kvenna þann 17. apríl.
  - ii. Forsýning á auglýsingu Bestu deildar í Sambíó þann 26.mars
- b. Lengjudeild
  - i. Deildin hefst þann 3. og 5 maí. Stefnt er að því að halda kynningarfund í lok apríl .
  - ii. Verið er að taka út net og rafmangið hjá félögum í Lengjudeild. ÍTF fékk Guðjón Sveinsson til að leiða þá vinnu en hún er unnin í samstarfi við OZ.
  - iii. Búið er að funda reglulega með OZ varðandi stöðuna á myndavélabúnaði. Mikilvægt að koma upp 2 vélum á öllum völlum við miðjúlínu. Unnið er að AI búnaði svo allar vélar verða sjálfvirkar og með endursýningum. Félögin eru hvött til þess að fá lýsendur á leikina. Haldnir verða reglulegir fundir með OZ fram að móti til að tryggja að undirbúningur og framkvæmd verði klár í byrjun maí þegar mótið hefst.
- c. Fantasy kvenna
  - i. Birgir hefur verið í sambandi við deildir sem eiga sinn eigin leik og búið er að óska eftir nánari upplýsingum. Birgi falið að vinna málið áfram og kynna niðurstöðuna fyrir stjórninni.
- d. Stjórnarfund KSÍ
  - i. Umræður um undirbúning fyrir stjórnarfund KSÍ og upplýsingagjöf frá þeim.
- e. Veðmálafræðsla fyrir leikmenn og þjálfara
  - i. Birgir fór yfir stöðuna á verkefninu sem unnið er í samstarfi við sænsku deildarsamtökin. Fyrir liggur tilboð frá þeim sem kynnt verður KSÍ á næstu dögum. Lagt er til að hefja verkefnið á næstu dögum/vikum en kostnaðurinn er óverulegur en vinnan fellst helst í eftirfylgni og umsýslu með verkefninu.

#### 6. Fleira ekki rætt og fundi slitið 13:20